

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Breyting á deiliskipulagi Flugvalla.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 15. febrúar 2022 deiliskipulagsbreytingu sem nær til skipulagssvæðis Flugvalla. Stækkun á lóð, sameining lóða og stækkun á skipulagssvæði.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Flugvalla – Iðavellir 1.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 15. mars 2022 deiliskipulagsbreytingu sem nær til skipulagssvæðis Flugvalla. Stækkun á byggingarreit og aukið byggingarmagn á lóðinni Iðavellir 1.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Tjarnabraut og Svölutjörn – lóðarstækkun.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 1. febrúar 2022 deiliskipulagsbreytingu sem nær til skipulagssvæðisins. Meðfram Tjarnabraut verði einbýlishús á einni hæð eins og annars staðar á skipulagsreitnum og lóðamörk færast til norðurs.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Tengivirki á Njarðvíkurheiði, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 21. desember 2021 breytingu á deiliskipulagi tengivirkis á Njarðvíkurheiði.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Reykjanesbæ, 23. mars 2022.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 25. mars 2022